

Kjósarhreppur
Sigurður H. Ólafsson
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 25. maí 2021
UST202105-133/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Eyrarkot - Kjósarhreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósahrepps er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Eyrarkot í Kjósarhreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulag íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots í Kjósarhreppi tekur til 20 ha svæðis. Innan svæðisins eru skilgreindar sex íbúðarlóðir, landbúnaðarsvæði þar sem stundað er æðavarp, lóð fyrir smábátahöfn og tvær verslunar- og þjónustulóðir fyrir fræðslu- og fuglaskoðunarskála. Á íbúðarlóðum er heimilt að byggja íbúðarhús, aðstöðuhús og gestahús og gert er ráð fyrir þjónustuhúsi og bátaskýli á lóð fyrir smábátahöfn.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi lýsingu og tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið dags. 18. nóvember 2020 og 4. maí sl.

Vistgerðir og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skal höfð í nánd við varplönd fugla. Auk þess bendir stofnunin á að mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Náttúruvernd og umferð

Í greinargerð er fjallað nokkuð ítarlega um mikilvæg náttúruverndarsvæði á og við skipulagssvæðið.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að unnið sé að aðgangsstýringu gesta með upplýsingargjöf og jafnvel með merkingu gönguleiða.

Þar sem að tillagan gerir ráð fyrir akfærann veg niður á leirurnar bendir stofnunin á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að

raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf

Efnistaka

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir efnistökusvæði niður á leirunum. Umhverfisstofnun telur æskilegra að efni sé frekar sótt í efnisnámu í landi Kiðafells, en niður á leirurnar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur